

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Guðrún Birgisdóttir

Martial Nardeau

flautuleikarar

og

Pétur Jónasson

gítarleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 13. júní 1995 kl. 20:30

**Guðrún Birgisdóttir** stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám í Ósló og í París, þar sem hún lauk einleikaraprófi árið 1979. Hún hlaut styrk frá franska ríkinu til frekara náms en snéri heim til Íslands árið 1982, þar sem hún hefur tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi. Á síðustu árum hefur hún einnig lagt fyrir sig barokkflautuleik og notið leiðsagnar Pierre Séchet.

**Martial Nardeau** stundaði nám í flautuleik í heimalandi sínu Frakklandi og starfaði að námi loknu meðal annars í Lamoureux sinfóníuhljómsveitinni í París. Frá árinu 1982 hefur hann verið búsettur á Íslandi. Hann hefur verið virkur einleikari hérlendis og hefur einnig komið fram erlendis, meðal annars í Rússlandi, Þýskalandi, Finnlandi og víða í Frakklandi, þar sem hann kynnir gjarnan íslenska flaututónlist á ári hverju.

**Pétur Jónasson** hóf nám í gítarleik hjá Eyþóri Þorlákssyni og var síðar við framhaldsnám hjá Manuel López Ramos í Mexíkóborg og José Luis Gonzáles á Spáni. Pétur hefur komið fram sem einleikari í 20 löndum og hefur gert margar sjónvarps- og útvarpsupptökur. Hann hefur einnig leikið inn á hljómdiska. Pétur hlaut Sonning heiðursstyrkinn í Kaupmannahöfn árið 1984 og var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 1990.

Fyrir tveimur árum hófst samstarf þeirra þremmenninganna innan verkefnisins *Tónlist fyrir alla*, og hafa þau af því tilefni heimsótt fjölda skóla. Tónleikarnir í Sigurjónssafni eru fyrstu opinberu tónleikar þeirra í Reykjavík.

H. Berlioz  
1803 - 1869

G. Migot  
1891 - 1976

F. Tárrega  
1852 - 1909

F. Poulenc  
1899 - 1963

E. Granados  
1867 - 1916

I. Albénis  
1860 - 1909

G. Fauré  
1845 - 1924

C. Debussy  
1862 - 1918

M. Ravel  
1875 - 1937

J. Rodrigo  
f. 1901

E. Satie  
1866 - 1925

J. Ibert  
1890 - 1962

M. Nardeau  
f. 1957

## Efnisskrá

Úr „Fæðingu Krists“

Six petits preludes

1. Calandres - sunnulævirkjar
2. Spipolettes - stúflævirkjar
3. Farlouses - þúfulævirkjar
4. Rousselines - sandtittlingar
5. Alouettes - sönglævirkjar
6. Cochevis - topplævirkjar

Tango

Alborada

Sarabande

Mouvements perpétuels

assez modéré

tres modéré

alerte

Spænskur dans nr. 5, „Andaluza“

Tango

Sicilienne

Syrinx

Pavane pour une infante defunte

Mansöngur til dögunarinnar

andante moderato

allegro

Þrjár gymnópédíur

Piece

entre'acte

Ballade